

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, og fjárlög fyrir árið 2023 hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:

á veitusvæði HS Veitna	7,49 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli*	9,54 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í péttbýli	7,94 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli*	8,72 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í péttbýli	6,76 kr./kWst.,
á veitusvæði Veitna ofhf.	6,52 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	6,66 kr./kWst.
* Niðurgreiðslur í dreifbýli taka mið af dreifbýlisframlagi eins og það var 31. desember 2022 hjá dreifiveitum með heimild til dreifbýlisgjaldskrár.	

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

RARIK	5,26 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	5,56 kr./kWst.,
HS Veitur	147,80 kr./m ³

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðalverði niðurgreiddrar raforku til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2023, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglysing þessi gildir frá 1. maí 2023 og kemur í stað auglýsingar sama efnis, nr. 275/2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 24. apríl 2023.

F. h. r.

Sigríður Svana Helgadóttir.

Hreinn Hrafnkelsson.